

Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins
09 986

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins

kt. 680981-1759

Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um Jarðasjóð. Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir skv. sérstökum heimildum sem fram koma í lögum um sjóðinn, m.a. vegna almennra útlífsnota.

Starfsemin fellur undir málefnavið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Jarðasjóður heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Jarðeignir ríkisins heyra hins vegar undir Ríkiseignir sem f.h. ráðuneytisins annast útleigu og daglegt utanumhald ríkisjarða. Jarðeignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði. Mikilvægt er að virði ríkisjarða í ríkisreikningi sé endurmetið í ljósi þess að virði landbúnaðarjarða í fasteignaskrá byggir ekki á markaðsforsendum. Unnið er að heildarmati út frá eiginleikum jarða í samstarfi við Ríkiseignir og Þjóðskrá. Í ársreikningi þessum er jafnframt ekki gerð grein fyrir áætlaðri heildarskuldbindingu Jarðasjóðs vegna kaupskyldu ríkisins á eignum ábúenda í samræmi við ábúðarlög. Í gildi eru um 93 ábúðarsamningar og má áætla að heildarskuldbinding ríkisins sé um kr. 2,75 milljarðar við að leysa til sín eignir ábúenda á jörðunum ákveði þeir að bregða búi.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 135,6 milljónir og afkoma kr. -51,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -88,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.167,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis,
Hrafn Hlynsson

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	(2.300.000)	(2.300.000)
Aðrar tekjur	3	<u>137.916.000</u>	<u>156.252.921</u>
Tekjur samtals		135.616.000	153.952.921
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	8	186.631.126	61.994.745
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	<u>16.231</u>	<u>2.381</u>
Gjöld samtals		186.647.357	61.997.126
Afkoma ársins		<u>(51.031.357)</u>	<u>91.955.795</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Viðskiptakröfur	12	5.629.077	43.703.101
Tengdir aðilar	13	1.080.254.068	938.423.055
Lán til ábúenda	14	35.373.158	35.373.158
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	46.675.992	46.675.992
Eignir samtals		<u>1.167.932.295</u>	<u>1.064.175.306</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	13	164.503.098	55.713.011
Viðskiptaskuldir	21	1.212.968	836.610
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	24	583.874.457	470.174.457
Skuldir samtals		<u>749.590.523</u>	<u>526.724.078</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		418.341.772	537.451.228
Eigið fé			
Hrein eign	26	(87.973.469)	31.135.987
Eigið fé samtals		<u>418.341.772</u>	<u>537.451.228</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.167.932.295</u>	<u>1.064.175.306</u>
Aðrar upplýsingar			
	27		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(51.031.357)	91.955.795
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		38.074.024	15.343.093
Tengdir aðilar		12.580.975	(57.320.586)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		376.358	(49.978.302)
		<u>51.031.357</u>	<u>(91.955.795)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar		0	0
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	(2.300.000)	113.700.000	111.400.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	(2.300.000)	113.700.000	111.400.000
Fjárveiting ársins	(2.300.000)	113.700.000	111.400.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	68.078.099	423.498.465	491.576.564
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(68.078.099)	0	(68.078.099)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	(2.300.000)	537.198.465	534.898.465
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(48.731.357)	0	(48.731.357)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(51.031.357)	537.198.465	486.167.108

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af leigu eigna.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Aðrar eignir óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	(2.300.000)	(2.300.000)
Tekjufærsla frestaðra tekna	0	0
	(2.300.000)	(2.300.000)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	(2.300.000)	0	0	(2.300.000)
Fjárveiting til tekna	(2.300.000)	0	0	(2.300.000)
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(48.731.357)	0	0	(48.731.357)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(51.031.357)	0	0	(51.031.357)

	2023	2022
3 Aðrar tekjur		
Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja	125.495.633	156.252.921
Arðstekjur af eignum	10.541.837	0
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	1.524.155	0
Ýmsar þjónustutekjur	241.875	0
Vörusala, umboðs- og endursala	112.500	0
	137.916.000	156.252.921

	2023	2022
8 Annar rekstrarkostnaður		
Orkugjafar	1.868.832	5.826
Almennar rekstrarvörur	15.000	0
Vörukaup, almenn	1.883.832	5.826
Fundir, námskeið, risna	15.000	35.100
Ferðir, uppihald	43.635	0
Akstur	181.930	0
Sérfræðipjónusta	109.064.460	7.096.137
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	233.947	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.640	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	109.540.612	7.131.237
Afnotagjöld	14.683	0
Verkkaup	11.683.053	0
Kostnaðarhlutdeild	54.586.340	54.153.662
Tryggingar, lögboðnar	840.035	0
Opinber gjöld	8.691.661	94.930
Tapaðar kröfur	(609.090)	609.090
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	75.206.682	54.857.682
Annar rekstrarkostnaður samtals	186.631.126	61.994.745

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

13 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.080.254.068	938.423.055
	<u>1.080.254.068</u>	<u>938.423.055</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við aðra ríkisaðila	164.503.098	55.713.011
	<u>164.503.098</u>	<u>55.713.011</u>

18 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Fasteignir	Samtals
Staða 01.01.2023	46.675.992	46.675.992
Viðbætur á árinu	0	0
	<u>46.675.992</u>	<u>46.675.992</u>
Afskriftir 01.01.2023	0	0
Afskrift ársins	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
Staða 31.12.2023	<u>46.675.992</u>	<u>46.675.992</u>

24 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	46.675.992	46.675.992
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	537.198.465	423.498.465
	<u>583.874.457</u>	<u>470.174.457</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	46.675.992	423.498.465	470.174.457
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	113.700.000	113.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	0	0	0
	<u>46.675.992</u>	<u>537.198.465</u>	<u>583.874.457</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

Skýringar

26 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	537.451.228	445.495.433
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(68.078.099)	0
Afkoma ársins	(51.031.357)	91.955.795
Jöfnuður 31.12.	<u>418.341.772</u>	<u>537.451.228</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

27 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Á vegum sjóðsins eru 93 ábúðarsamningar í gildi og má áætla að heildarskuldbinding ríkisins séu kr. 2,75 ma.kr. við að leysa til sín eignir ábúenda á jörðum ákveði þeir að bregða búi. Þá stendur jarðasjóður einnig undir útgjöldum vegna jarðaumsýslu ríkisins sem FSRE sinnir f.h. sjóðsins. Samtals hefur þessi kostnaður verið um 130 m.kr. á ári.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.